

AUGLÝSING

(VI) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 999 frá 17. desember 2010 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2010/2011 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

Fjarðabyggð.

Ákvæði reglugerðar nr. 999 frá 17. desember 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Fjarðabyggðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði b-liðar 1. gr. breytist og verður: Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 13. janúar 2011.
- b) Ákvæði c-liðar 1. gr. breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í sveitarfélaginu 13. janúar 2011.
- c) Í stað 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar komi tveir nýir málsliðir svohljóðandi: Þriðjungi byggðakvóta í Fjarðabyggð verði skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar. Tveimur þriðju hlutum byggðakvótans í Fjarðabyggð verði skipt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, í hlutfalli við landaðan afla hlutaðeigandi fiskiskips, í þorskígildum talið, í viðkomandi byggðarlagi á tímabilinu 1. september 2009 til 31. ágúst 2010.
- d) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður: Fiskiskip skulu hafa landað til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. júlí 2010 til 31. ágúst 2011 afla sem nemur, í þorskígildum talið, jöfnu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt skv. vigtunar- og ráðstöfunarskýrslum sem borist hafa Fiskistofu.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi áður auglýstar reglur um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2010/2011 vegna Fjarðabyggðar, í auglýsingu nr. 46 frá 24. janúar 2011.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 3. mars 2011.

F. h. r.

Hinrik Greipsson.

Kristján Freyr Helgason.